

mánudagur, 20. janúar 2020



Álagið kemur í skorpum



Mikilvægi ferðanna eykst frá ári til árs



Upplýsingasöfnun möguleg í rauntíma



Hætt við sameiningu Vísis og Þorbjarnar



Bergey komin til heimahafnar



Samherji innleiðir áhættumat og siðareglur

Forsíða

Tölublöð

## FISKIFRÉTTIR

## Álagið kemur í skorpum

Guðsteinn Bjarnason - [guðsteinn@fiskifrettir.is](mailto:guðsteinn@fiskifrettir.is)

19. janúar 2020 kl. 07:00



Sigmar Valur Hjartarson, framkvæmdastjóri Rannsóknarþjónustunnar Vestmannaeyjum, sem hefur aðstoðu í Þekkingarsetri Vestmannaeyja. MYND/GB

Rannsóknarþjónustan Vestmannaeyjum hefur verið starfrækt þar síðan 1995, fyrst undir merkjum Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins.

Mæla með 0

Tweet

„Það sem ég geri fyrst og fremst er að sinna mælingum og þjónustu fyrir fiskvinnslurnar og fiskiðnaðinn hérna í Eyjum, eða matvælaíðnaðinn hérna skulum við segja,“ segir Sigmar Valur Hjartarson, framkvæmdastjóri Rannsóknarþjónustunnar Vestmannaeyjum ehf.

Sigmar er fiskilíffræðingur, menntaður frá Noregi, og hefur síðan 1995 séð um rannsóknarþjónustu fyrir sjávarútvegsfyrirtæki og önnur matvælafyrirtæki í Vestmannaeyjum.

Hann tekur sýni og mælir bæði efnainnihald og örveruinnihald í afurðum fyrirtækjanna, fiski og fleiru. Stærstu viðskiptavinirnir eru þó fiskimjölsværksmiðjurnar.

„Þar er ég að mæla bæði fiskimjöl og lýsi. Svo er ég að mæla líka vatn og sjó. Í þessu öllu saman er ég að mæla bæði örverur og efnainnihald eftir því sem viðskiptavinirnir hafa þörf fyrir.“

## Gerlar og þvíumlíkt

Í örverumælingum skoðar Sigmar meðal annars heildargerlamagn, kóligerla, salmonellu, listeríu og fleiri gerla. Þar er verið að kanna hvort afurðirnar standist viðmið reglugerða og kröfur kaupenda. Hvað efnamælingar snertir er svo verið að skoða m.a. prótín, fitu, salt og fleira ásamt örveruinnihaldi.



Sjónvarp

Öll myndskleið &gt;

„Stundum er verið að mæla út af merkingum á matvælum eða út af samningum, eins og hvort nægilega hátt prótein sé í mjöl út frá því sem búið var að semja um.“

Pegar vatn og sjór er til skoðunar þá er verið að kanna hvort hreinleikinn standist kröfur í reglugerð um neysluvatn sem notað er við matvælaframleiðslu.

Rannsóknarþjónustan Vestmannaeyjum ehf. var stofnað sem sjálfstætt fyrirtæki árið 2004 en þjónustan hafði áður verið starfrækt þar síðan 1995 í samstarfi við Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins (RF).

„Frá 2004 hef ég verið einn í þessu, en við vorum þrjú þegar flest var meðan þetta heyrði undir RF.“

## Munar um loðnuna

Hann segir engan hörgul hafa verið á verkefnum en álagið komi í skorpum og loðnubresturinn í fyrra hafi vissulega haft sín áhrif.

„Það munar talsvert um þann stóra pakka, bæði í frystihúsunum og mjölverksmiðjunum, og það hefur áhrif hjá mér líka. Mælingarnar verða færri.“

Hann segir stemninguna í Eyjum óneitanlega hafa markast nokkuð af loðnuleysinu.

„Það er óvissa núna framundan með loðnuveiðar og annað. Ef hún bregst aftur þá hefur það enn þyngri áhrif á öll fyrirtæki. Þau gátu þraukað í fyrra en það verður erfiðara núna. Þetta er stór biti fyrir allflest fyrirtækin,“ segir Sigmar

„Við erum líka orðin svolítið þreytt á veðrinu í vetur, það hefur svo mikil áhrif bæði á sjósókn og samgöngur og allt lífið.“

Rannsóknarþjónustan er til húsa í Pekkingarsetri Vestmannaeyja, sem nýlega flutti í hús Fiskiðjunnar þar sem aðstaðan er með besta móti, að sögn Sigmars.

„Það er mjög gott að hafa hérna stuðning af öðrum og félagsskapinn,“ en í Pekkingarsetrinu hafa stofnanir og fyrirtæki á borð við Náttúrustofu Suðurlands, Hafrannsóknastofnun, Matís og Heilbrigðiseftirlit Suðurlands einnig aðstöðu.

„Eftir að við fluttum hingað í Fiskiðjuna endurnýjuðum við talsvert af tækjum og búnaði og erum í dag ágætlega búin fyrir það sem við erum að gera.“

Mæla með 0

Tweet

Myllusetur ehf.  
Ármúla 10  
108 Reykjavík  
Sími: 511-6622

### Tenglar

[Áskrift](#)  
[Sölustaðir](#)  
[Innskráning](#)

### Efni

[Forsíða](#)  
[Tölublöð](#)

### Útgáfa

[Viðskiptablaðið](#)  
[Fiskifrétir](#)  
[Hestablaðið](#)